




Reykjavík, 25. mars 2019
2019030011

Til sveitarfélaga með aðild að
skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins

Á fundi samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 12. mars 2019 var lagt fram
uppgjör skíðasvæðanna fyrir árið 2018.
Uppgjörið er hér með sent til kynningar.


Ómar Einarsson.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins uppgjör 2018



Rekstur ÍTR (mkr.)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	342	320	22	7,00%
Laun og launatengd gjöld	206	167	39	23,11%
Annar rekstrarkostnaður	137	153	-16	-10,46%
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	

Enginn opnunardagur var á Skíðasvæðunum í desember 2018 og af þeim sökum mjög lítil vetrarkortasala í nóvember og desember. Vetrarkortasala 2018 var 18,8 mkr en til samanburðar var sala í desember 2017 42 mkr. Mismunurinn er fölginn í annarsvegar nokkrum opnunardögum á milli jóla og nýárs árið 2017 og einnig því að snjór og opunarútlit var til staðar í desember 2017 sem var ekki í desember 2018.

Laun og launatengd gjöld voru um 206 mkr, sem var 38 mkr eða 22,6% yfir fjárhagsáætlun. Launakostnaður vegna ársins 2017 var 166 mkr sem er 19,5 % lægra en fyrir árið 2018.

Starfsmannasamsetning skíðasvæðanna er með þeim hætti að 5 starfsmenn eru í heilsársstarfi. Það eru framkvæmdastjóri, rekstrarstjóri útisvæðis, rekstrarstjóri troðaramála, rekstrarstjóri Skálafells og vélæftirlitsmaður. Á sumrin og haustin er unnið við verkstýringu verktaka á svæðunum, verkstýringu sjálfboðaliða, viðhald á lyftum og troðurum, viðhaldi á húsnæðum, undirbúningi og rekstri á hjólagarði í Skálafelli, áætlanagerð, undirbúningur mönnunar fyrir komandi vetur osfrv.

Þá eru 20 fastir starfsmenn sem að eru ráðnir inn á tímabilinu 15. nóvember til 31. maí. Tveir hefja störf í nóvember, 4 hefja störf í desember og rest 1. janúar. Flestir vinna til 30. apríl en nokkrir lykilmenn örlítið lengur en þó aldrei lengur en til 31. maí. Þeir starfsmenn sjá um allt viðhald á lyftum yfir vertíð. Þeir manna skíðaleigu á skólahópadögum, grunn fjölda lyftna, veitingasölu, miðasölu, þríf, troðslu ofl.

Á opnunardögum er svo bætt við 15-25 starfsmönnum til viðbótar, en það fer allt eftir hversu hversu stórir dagar eru í vændum. Tímavinnustarfsmenn manna lyftur, miðasölu, skíðaleigu og veitingasölu.

Í raun má segja að rekstur Skíðasvæðanna stýrist mjög verulega af veðri. Opnunardagar geta því verið mjög mismunandi hvað varðar aðsókn og tekjur og fer það eftir veðri og snjóaðstæðum.

Annar rekstrarkostnaður 137 mkr sem er 16 mkr undir áætlun en þar eru 23,5 mkr fluttar yfir á næsta ár vegna halla sem er fluttur á milli ára en annars var annar rekstrarkostnaður um 160,3 mkr, sem reyndist þá vera 8,2 mkr eða 5,4% yfir fjárhagsáætlun. Á árinu 2018 var farið í mikið viðhald á búnaði sem ekki var gert ráð fyrir bæði á lyftum á möstrum og klemmum og vírum. Einnig var viðhald á troðurum mun hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Þá voru keypt tvö troðarabelti en hvert belti kostar um 5 mkr.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á rekstri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2018. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða skíðasvæðanna var á pari.

Yfirfærður halli var færður á milli ára í árs lok líkt og kemur fram í gr. 2.5 mgr 3. í samnings um rekstur skíðasvæðanna. Yfirfærður halli fyrir árið 2018 var 23,5 mkr.

Tekjur voru 342 mkr sem er 7% hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þó 22 mkr lægra en fyrir árið 2017. Salan í desember 2018 var með allta lægsta móti og var hún einungis 45% af því sem hún var árið 2017.

Tekjur skiptast þannig að rekstrarframlög voru 168 mkr aðgangur var 117 mkr, tekjur af leigu voru 25 mkr, veitinga og vörusala var 16 mkr og styrkir voru um 16 mkr.

Aðsókn í Bláfjöll veturinn 2017-2018 var 68.515 gestir og almennir opnunardagar voru 73. Í Skálafelli var opið í 16 daga og komu 8.959 gestir.

Ár	Bláfjöll		Skálafell	
	Opnunar-dagar	Fjöldi gesta	Opnunar-dagar	Fjöldi gesta
2015	69	67.104	8	5.078
2016	88	83.090	12	12.947
2017	62	61.678	8	3.656
2018	73	68.515	16	8.959

Árskort			
Mánuður	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Nóvember	2	60	833
Desember	730	1.933	150
Janúar	819	736	1.081
Febrúar	284	159	503
Mars	412	229	25
Apríl	60	48	
Samtals:	2.307	3.165	2.592
Þar af seld vetrarkort:	732	1.993	983

Rekstrarframlög sveitarfélaganna 2018

	Íbúafjöldi 2018	Hlutfall	Rekstrarframlög 2018
Reykjavík	126.041	56,7%	95.117.729
Kópavogur	35.970	16,2%	27.145.014
Seltjarnarnes	4.575	2,1%	3.452.556
Garðabær	15.709	7,1%	11.854.908
Hafnarfjörður	29.412	13,2%	22.195.973
Mosfellsbær	10.556	4,7%	7.966.160
	222.263	100%	167.732.340

Fjárfesting 2018

Fjárfesting fyrir árið 2017 var 74.197.514 kr en áætlun gerði ráð fyrir 75.000.000 kr. Hafa kröfur samkvæmt neðangreindri töflu verið innheimtar hjá aðildarsveitarfélögum skíðasvæðanna.

Fjárfestingunni hefur verið skipt í flokk til að aðgreina við eignfærslu. Stór hluti af fjárfestingu s.l. ár hefur verið endurnýjun á troðurum. Á árinu 2018 var keyptur notaður troðari og hafa þeir verið endurnýjaðir reglulega síðan 2009 og nauðsynlegt að halda því áfram.

	Fjárhæð	Reykjavík	Kópavogur	Seltjarnarnes	Garðabær	Hafnarfjörður	Mosfellsbær
Flutningur á lyftu	2.250.584	1.276.262	364.224	46.325	159.066	297.819	106.888
Kaldavatnshola	781.916	443.409	126.542	16.095	55.264	103.471	37.136
Landmótun	3.000.000	1.701.241	485.506	61.751	212.033	396.989	142.480
Lyftur flutningur	22.816.718	12.938.914	3.692.550	469.653	1.612.629	3.019.330	1.083.641
Lýsing	6.032.842	3.421.107	976.327	124.178	426.386	798.324	286.519
Skíðaleiga	1.636.953	928.284	264.917	33.695	115.696	216.618	77.744
Snjögirðing	3.300.265	1.871.516	534.099	67.932	233.255	436.723	156.740
Troðari	34.378.236	19.495.225	5.563.612	707.632	2.429.769	4.549.262	1.632.735
Heildarsumma	74.197.514	42.075.959	12.007.777	1.527.261	5.244.097	9.818.536	3.523.884

Fyrirfram greidd fjárfesting vegna 2019

Þegar hefur verið lagt út fyrir kostnaði sem er vegna útboðs fyrir nýjar lyftur og snjóframleiðslu í Bláfjöllum, sá kostnaður er því vegna fjárfestingar sem kemur til á árinu 2019.

Þegar hefur þessi kostnaður verið innheimtur frá sveitarfélögunum.

Reykjavík	Kópavogur	Seltjarnarnes	Garðabær	Hafnarfjörður	Mosfellsbær	Fjárhæð
126.041	35.970	4.575	15.709	29.412	10.556	222.263
56,7%	16,2%	2,1%	7,1%	13,2%	4,7%	100%
5.687.597	1.623.145	206.447	708.868	1.327.216	476.339	10.029.612